

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 249/2018

2019/EES/17/02

frá 5. desember 2018

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna þriðju lönd með mikla áhættu með annmarka í stefnu ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun (ESB) 2015/849 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ⁽³⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽⁴⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):

„**32015 L 0849**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjttíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi kemur í stað d-liðar 4. mgr. 3. gr.:

„svik sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins og teljast að minnsta kosti alvarleg, samkvæmt skilgreiningu hér á eftir:

- i) að því er varðar útgjöld, hvers konar athöfn af ásetningi eða athafnaleysi sem varðar:
 - notkun eða framvísun á röngum, ósönnum eða ófullnægjandi yfirlýsingum eða skjölum, sem leiðir til þess að fjármunum úr almennum sjóðum Evrópusambandsins eða sjóðum sem Evrópusambandið stýrir eða er stýrt fyrir þess hönd, eru nýttir eða þeim haldið eftir með óréttmætum hætti,

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 141, 5.6. 2015, bls. 73.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29.

- skort á upplýsingagjöf sem brýtur gegn tiltekinni skyldu, sem hefur sams konar áhrif,
 - ranga notkun á slíkum fjármunum með því að þeir eru notaðir í öðrum tilgangi en ætlunin var þegar þeir voru veittir upphaflega,
- ii) að því er varðar tekjur, eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun ráðsins frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna ⁽⁵⁾, sérhver athöfn af ásetningi eða athafnaleysi sem varðar:
- notkun eða framvísun á röngum, ósönnnum eða ófullnægjandi yfirlýsingum eða skjölum, sem hefur í för með sér ólögmdæta rýrnun á almennum sjóðum Evrópusambandsins eða sjóðum sem Evrópusambandið stýrir eða er stýrt fyrir þess hönd,
 - skort á upplýsingagjöf sem brýtur gegn tiltekinni skyldu, sem hefur sams konar áhrif,
 - misnotkun á löglegum ágóða, sem hefur sams konar áhrif.

Svik teljast alvarleg svik ef um er að ræða meiri fjármuni en lágmarksfjárhæð sem sem ekki skal ákvarða hærrí en 50 000 evrur.⁶⁶⁶

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 23ba (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB):

„23bb. **32016 R 1675**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna þriðju lönd með mikla áhættu með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012):

„– **32015 L 0849**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2015/849 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1675, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

vegna ákvörðunar nr. 249/2018 um að fella tilskipun (ESB) nr. 2015/849 inn í EES-samninginn

Tilskipun (ESB) 2015/849 hefur að geyma ákvæði með tilvísunum til gerða sem hafa verið samþykktar samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Minnt er á að þegar gerðir eru felldar inn í EES-samninginn með slíkum ákvæðum ríkir sá skilningur að löggjöf ESB, sem er samþykkt samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falli utan gildissviðs EES-samningsins.

Sameiginleg yfirlýsing sammingsaðila

vegna ákvörðunar nr. 249/2018 um að fella tilskipun (ESB) nr. 2015/849 inn í EES-samninginn

Samningsaðilar hafa samþykkt að fella alvarleg svik sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins inn í skrá yfir frumbrot peningabættis. Til aukinnar hagræðingar hefur fjórða tilskipunin um peningabætti (tilskipun (ESB) 2015/849) verið felld inn án gagnkvæms samþykkis eða sammings til að vernda samtímis fjárhagslega hagsmuni EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES. Reglurnar um gagnkvæmni og einsleitni, sem mælt er fyrir um í EES-samningnum, einkum í 4. mgr. aðfaraorða hans og 1. gr., gilda áfram að fullu að öllu leyti varðandi gagnkvæma vernd gegn glæpsamlegri starfsemi sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni sammingsaðilanna í skilningi ákvörðunar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018.